

**Umhverfisstofnun**  
**Suðurlandsbraut 24**  
**108 Reykjavík**

Reykjavík, 3. mars 2021

**Efni: Athugasemdir við tillögu að breytingu á starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. fyrir sjókvíaeldi á 9.800 tonna ársframleiðslu á laxi í Berufirði**

Vísað er til tillögu að breytingu á starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. fyrir sjókvíaeldi á 9.800 tonna ársframleiðslu af laxi í Berufirði sem auglýst var 2. febrúar sl. Í auglýsingu kemur fram að um sé að ræða breytingu á grein 1.2 í starfsleyfi sem snúi að heimild til notkunar á frjóum laxi. Breytingin á notkun á frjóum laxi sé í samræmi við endurskoðað mat Hafrannsóknastofnunar á erfðablöndun. Þá séu gerðar breytingar og uppfærslur á leyfinu til samræmis við nýjustu leyfi sem gefin eru út af stofnuninni.

Með erindi til Skipulagsstofnunar 16. febrúar sl. var óskað upplýsinga um hvort framangreind breyting hefði verið tilkynnt stofnuninni á grundvelli 6. gr. laga nr. 106/2000 og þá hvað liði meðferð hennar og afgreiðslu. Í svari Skipulagsstofnunar 17. s.m. kom fram að breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlunar Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði hefði verið tilkynnt til stofnunarinnar og að ákvörðun um matsskyldu væri að óbreyttu að vænta innan nokkurra vikna. Með erindi til Umhverfisstofnunar sama dag var með vísan til svara Skipulagsstofnunar óskað upplýsinga um hvort afgreiðslu auglýstrar tillögu að breyttu starfsleyfi yrði frestað þar til matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar lægi fyrir. Í svari Umhverfisstofnunar 22. s.m. kom fram að auglýst breytingartillaga lyti að ákvæði í grein 1.2 í starfsleyfi til samræmis við uppfært áhættumat Hafrannsóknastofnunar. Fiskeldi Austfjarða hf. hefði farið í umhverfismat á sínum tíma með 20.800 tonn af frjóum laxi en fengið bara hluta þess fyrir frjóan lax vegna takmarka sem settar hefðu verið í áhættumati Hafrannsóknastofnunar sem nú hefði verið endurskoðað. Ekki væri verið að auglýsa breytingu á svæðum vegna Berufjarðar þar sem sú breyting væri enn í matferli.

Af framangreindum svörum Umhverfisstofnunar verður í fyrsta lagi ráðin sú forsenda hinnar auglýstu breytingartillögu að umhverfisáhrif umræddrar breytingar hafi þegar verið metin í samræmi við fyrirmæli laga nr. 106/2000 með matsskýrslu 19. mars 2018 og álitum Skipulagsstofnunar 14. júní sama ár.

Af þessu tilefni skal minnt á að mat á umhverfisáhrifum í skilningi laga nr. 106/2000 samanstendur af matsáætlun, frummatsskýrslu, matsskýrslu og álitum Skipulagsstofnunar ásamt þeirri málsmeðferð sem þessi gögn sæta samkvæmt nánari fyrirmælum laganna, sbr. nú 4. gr. a þeirra. Því til samræmis er ekki unnt að líta svo á að umhverfisáhrif einstakra þátta framkvæmdar hafi verið metin í skilningi laganna nema þau hafi verið lögð til grundvallar á öllum stigum matsferlisins, þ.m.t. í endanlegu álitum Skipulagsstofnunar.

Hvað sem líður upphaflegum áformum Fiskeldis Austfjarða hf. um umfang eldis á frjóum laxi í Berufirði kemur skýrlega fram í álit Skipulagsstofnunar 14. júní 2018 að stofnunin lagði þar til grundvallar að framleiðsla á frjóum laxi í Berufirði yrði ekki umfram 6.000 tonn. Þannig segir á bls. 36 í álitinu:

„Fyrir liggur að fyrirhugað eldi Fiskeldis Austfjarða í Berufirði og Fáskrúðsfirði mun fylgja áhættumati Hafrannsóknastofnunar varðandi magn frjórra laxa í eldi. Áhættumatið miðar við 6.000 tonn af frjóum laxi í Berufirði og 15.000 tonn í Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði samanlagt, en Fiskeldi Austfjarða áformar eldi á 6.000 tonnum af frjóum laxi í Berufirði og 6.000 tonnum af frjóum laxi í Fáskrúðsfirði. Að teknu tilliti til þess og áformaðra öryggisráðstafana í búnaði og rekstri telur Skipulagsstofnun að fyrirhugað eldi Fiskeldis Austfjarða muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á stofna villtra laxa, en áhrifin eru háð óvissu. Áhrifin eru líkleg til að verða mest í laxám næst fyrirhuguðum eldissvæðum en mun einnig mögulega gæta í laxám á stærra svæði.

Fyrir liggur að fyrirtækið Laxar fiskeldi hafi leyfi til framleiðslu á 6.000 tonnum af frjóum laxi í Reyðarfirði. Því til viðbótar hefur verið auglýst frummatsskýrsla fyrirtækisins vegna 10.000 tonna aukningar á laxeldi í Reyðarfirði. Þá hafa Laxar fiskeldi kynnt tillögu að matsáætlun vegna 4.000 tonna framleiðsluaukningar í Reyðarfirði og Eskifirði á frjóum laxi. Laxar fiskeldi hafa jafnframt lagt fram tillögu að matsáætlun vegna 3.800 tonna eldis á frjóum laxi í Fáskrúðsfirði. Fyrirtækin tvö, Fiskeldi Austfjarða og Laxar fiskeldi, fyrirhuga því samanlagt 29.800 tonn eldi á frjóum laxi í Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði. Er það nærri tvöfalt það magn sem talið er ásættanlegt í áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Að mati Skipulagsstofnunar ber að leggja niðurstöður áhættumats Hafrannsóknastofnunar til grundvallar við ákvarðanir við leyfisveitingar til sjókvíaeldis á frjóum laxi. Með tilliti til áhættumatsins telur Skipulagsstofnun að samlegðaráhrif fyrirhugaðs eldis Fiskeldis Austfjarða með núverandi og fyrirhuguðu eldi Laxa fiskeldis á stofna villtra laxa séu líkleg til að verða verulega neikvæð og ljóst að miðað við fyrirbyggjandi þekkingu séu ekki forsendur til að veita leyfi til alls framangreinds eldis.

Ef hinsvegar eingöngu er horft til núverandi eldis Laxa fiskeldis upp á 6.000 tonn í Reyðarfirði og áforma Fiskeldis Austfjarða um eldi á 6.000 tonn af frjóum laxi í Berufirði og 6.000 tonn af frjóum laxi í Fáskrúðsfirði, telur Skipulagsstofnun vera forsendur til að veita rekstrarleyfi til áformaðrar framkvæmdar Fiskeldis Austfjarða með tilliti til áhrifa á erfðablöndun.“

Af framansögðu leiðir að sú forsenda Umhverfisstofnunar að umhverfisáhrif auglýstrar breytingar á starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hafi þegar sætt mati á umhverfisáhrifum er ekki rétt. Hið rétta er að fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar þess efnis að eldi á 6.000 tonnum af frjóum laxi í Berufirði muni hafa í för með sér nokkuð neikvæð áhrif á stofna villtra laxa sem



# MAGNA


háð séu óvissu. Stofnunin hefur með álitinu sínu 14. júní 2018 enga afstöðu tekið til umhverfisáhrifa eldis á 7.500 tonnum af frjóum laxi. Mat á umhverfisáhrifum slíkrar framkvæmdar liggur því ekki fyrir.

Tekið skal fram að ekki er unnt að leggja þann skilning í álit Skipulagsstofnunar að í því felist afstaða stofnunarinnar til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar svo lengi sem hún sé í samræmi við áhættumat Hafrannsóknastofnunar eins og það sé á hverjum tíma. Í fyrsta lagi er álitnið eðli málsins samkvæmt aðeins byggt á þeim gögnum sem lágu fyrir þegar því var lokið, þ.m.t. áhættumati Hafrannsóknastofnunar sem þá lá fyrir. Í öðru lagi hefur Skipulagsstofnun enga heimild að lögum til að framselja öðru stjórnvaldi, í þessu tilviki Hafrannsóknastofnun, vald til að endurskoða forsendur eða breyta niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvæðum laga nr. 106/2000. Breytist þær forsendur sem mat á umhverfisáhrifum hefur byggst á leiðir af lögum nr. 106/2000 og almennum reglum stjórnsýsluréttarins að bært stjórnvald þarf að fjalla um hinar breyttu forsendur í nýju eða enduruppteknu máli í samræmi við ákvæði laganna.

Af fyrrgreindum svörum Umhverfisstofnunar verður í öðru lagi ráðið að hin auglýsta breytingartillaga sé alfarið reist á grunni endurskoðaðs mats Hafrannsóknastofnunar á áhættu erfðablöndunar sem tekið hafi samskonar breytingu og þar er lögð til. Af þessu tilefni skal bent á að ekki verður séð að umrætt áhættumat Hafrannsóknastofnunar hafi sætt málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Jafnvel þótt mat af þessu tagi gæti eitt og sér orðið grundvöllur breytingar á framkvæmd sem fellur í flokk B í fyrsta viðauka við lög nr. 106/2000 án undanfarandi málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. eða IV. kafla þeirra laga, hefur umrætt áhættumat þannig ekki sætt lögboðinni málsmeðferð og getur því ekki orðið lögmætur grundvöllur breytingar á starfsleyfi hvað sem öðru líður.

Með framangreindum athugasemdum er ekki tekin afstaða til auglýstrar tillögu eða fyrirhugaðra framkvæmda umfram það sem þar greinir. Áskilinn er allur réttur til að gera frekari athugasemdir við auglýsta breytingu og hlutaðeigandi framkvæmdir síðar, þ.m.t. til að skjóta kæránlegum ákvörðunum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eða bera lögmæti þeirra undir dómstóla eftir því sem tilefni er til.

Virðingarfyllst,  
f.h. Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifi og  
Náttúruverndarsamtaka Íslands



Flóki Ásgeirsson lögmaður